

Alþingi  
Erindi nr. þ 131/46  
komudagur 12.11.2004



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

12. nóv. 2004

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum, 6. mál.**

Í frumvarpinu er lagt til að lægra þrep virðisaukaskatts verði lækkað úr 14% í 7%. Í greinargerð er áætlað að matarreikningur Íslendinga muni lækka um ríflega 5 milljarða kr. verði frumvarpið samþykkt. Að auki mun lækkun vegna annarra þátta en matvæla, sem falla í lægra virðisaukaskattsþrepið, kosta ríkið um 1,5 milljarða króna.

Breytingar eru áformaðar á virðisaukaskatti á kjörtímabilinu en ekki liggur fyrir hver endanleg útfærsla verður. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að „virðisaukaskattkerfið verði tekið til endurskoðunar með það í huga að bæta kjör almennings“. Sá fyrirvari er þó á áformum um lækkun virðisaukaskattsins að tímasetningar fari eftir almennri stöðu efnahagsmála.

**Samtök í atvinnulífi leggja til að skattlagning matvæla verði samræmd**

Samkvæmt gildandi reglum eru flest matvæli í 14% þrepinu en þó alls ekki öll. Ávaxtasafar, kolsýrt vatn, maltöl, gosdrykkir, súkkulaði, kökur, sætt kex, kakóduft og ídyfur eru dæmi um matvæli sem bera 24,5% virðisaukaskatt. Í apríl síðastliðnum sendu fimm samtök þeirra fyrirtækja sem framleiða, flytja inn, dreifa og selja matvæli áskorun til ríkisstjórnarinnar um breytingar á skattlagningu matvæla. Þetta voru auk Samtaka atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, SVP-Samtök verslunar og þjónustu, Samtök ferðaþjónustunnar og Samtök verslunarinnar-FÍS. Með matvælum er hér átt við mat og óáfengar drykkjarvörur. Sú leið sem samtökin mæla með felst í því að setja öll matvæli í sama þrep virðisaukaskattsins í stað þess að auka enn bilið milli þeirra matvæla sem skattlögð eru í hærra og lægra þrepi VSK, eins og lagt er til í umræddu frumvarpi. Áætlaður virðisaukaskattur á óáfengar drykkjarvörur nam um 2,3 milljörðum króna á árinu 2002 og matvörur sem báru 24,5% skatt skiluðu ríkissjóði tveimur milljörðum króna. Ríkissjóður hefur þannig miklar tekjur af því að skattleggja þessi matvæli í hærra þrepinu og væru þau skattlögð skv. 14% þrepinu þýddi það tæplega tveggja milljarða króna minni tekjur fyrir ríkissjóð miðað við forsendur ársins 2002.

Í lægra VSK-þrepinu eru nokkuð fleiri vöru- og þjónustuliðir en matvæli eingöngu og vega þar þyngst heitt vatn og rafmagn til húshitunar, afnotagjöld og blöð og bækur. Lækkun VSK í 7% á alla vöru og þjónustu í lægra þrepinu fæli í sér 5,3 milljarða króna skattalækkun miðað við forsendur ársins 2002. Sú leið sem atvinnuvegasamtökin vilja fara í lækkun óbeinna skatta felst ekki einungis í því að samræma skattlagningu matvæla heldur einnig í því að og fella

Aðsetur:  
Borgartún 35  
105 Reykjavík

Sími:  
591 00 00

Bréfsími:  
591 00 50

Netfang:  
sa@sa.is

Veffang:  
www.sa.is



SA MÓK ATVINNUÞÉNAS

niður vörugjöld af matvælum. Vörugjöldin eru duldir og lítt þekktir skattar sem lagðir eru á marga flokka matvæla. Sem dæmi má nefna kaffi, te, súpur, sultur, síróp, ávaxtasafa, súkkulaði, rjómaís, sælgæti og gosdrykki með og án sykurs. Gjaldflokkar vörugjaldsins eru fjölmargir og spanna frá 8 - 400 kr. á hvert kíló eða lítra. Sum þessara matvæla eru í hærra þrepi virðisaukaskattsins en önnur í því lægra.

Nákvæmar upplýsingar um vörugjöldin liggja ekki fyrir en samkvæmt lauslegri áætlun fjármálaráðuneytisins námu tekjur ríkissjóðs af þeim um 1,4 milljörðum króna árið 2002 og skiptust nokkurn veginn til helminga milli innfluttra og innlendra vara. Vörugjöld af innfluttum sykri, sykurvörum og sælgæti námu 640 m.kr. og af innfluttum drykkjarvörum, þ.m.t. kaffi, um 140 m.kr. Vörugjöld af innlendum vörum eins og sælgæti og kexi námu 160 m.kr. og af innlendum drykkjarvörum 495 m.kr. Í ljósi þess að heildarneysla matvæla nam um 70 milljörðum króna, án VSK, árið 2002, að meðtalinni neyslu á veitingahúsum, lætur nærri að vörugjöld á matvæli hafi numið 2% af vöruverðinu.

### Æskilegasta leiðin

Vörugjöld á sérstaklega útvalin matvæli og skattlagning matvæla í mismunandi þrepum í virðisaukaskatti eiga sér sögulegar skýringar sem fæstir kunna skil á. Mismununin verður t.d. ekki réttlætt með skírskotun til manneldisstefnu eins og stundum er haldið fram, þar sem vörur með t.d. mikið sykurinnihald eru ýmist í lægra eða hærra skattþrepinu og ýmis matvæli sem flokkast sem hollustuvörur eru skattlagðar í hærra þrepinu. Að mati samtakanna væri æskilegt að fara þá leið í lækun óbeinna skatta að ná árangri á öllum þeim þremur sviðum sem hér eru gerð að umtalfni, þ.e. að afnema vörugjöld af matvælum, skattleggja öll matvæli í sama þrepi og lækka lægra þrep virðisaukaskatts úr 14% í 12%. Slíkar breytingar myndu leiða til 5,3 milljarða króna tekjulækkun fyrir ríkissjóð m.v. forsendur ársins 2002, þ.e. þær myndu leiða til jafn mikillar tekjulækkunar fyrir ríkissjóð og að lækka skattlagningu á þá vörulíði sem nú eru í lægra þrepinu úr 14% í 7%. Rökin fyrir leið atvinnuvegasamtakanna eru einkum þau að með slíkum breytingum yrðu alvarlegir agnúar sniðnir af skattkerfinu og það fært nær því sem tíðkast hjá þjóðum sem við berum okkur saman við. Þá er líklegt að slík útfærsla kæmi sér betur fyrir tekjulægri hópa en að lækka einungis vörurnar sem nú eru í lægra þrepinu. Loks má benda á að sú breikkun bils milli skattþrepanna sem frumvarpið gerir ráð fyrir myndi að öllum líkindum stuðla að auknum undanskotum.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson,  
aðstoðarframkvæmdastjóri SA

Sigurður Jónsson  
framkvæmdastjóri SVP

Aðsetur:  
Borgartún 35  
105 Reykjavík

Sími:  
591 00 00

Bréfsími:  
591 00 50

Nefang:  
sa@sa.is

Vefang:  
www.sa.is